



**SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA**  
*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 13S/1201*  
*komudagur 24.1.2008*

Selfossi, 22. janúar 2008  
07100055A ÞH

**Nefndasvið Alþingis**  
**Menntamálanefnd**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla, 285. mál**

Hér á eftir fer umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um grunnskóla, 285. mál, skv. beiðni menntamálanefndar Alþingis, sbr. bréf dags. 14. desember 2007.

**Almennt um frumvörp til laga um grunn- og leikskóla**

Það er fagnaðarefni að í frumvörpunum er gert ráð fyrir auknu sjálfstæði og frelsi sveitarfélaga varðandi skólarekstur. Einnig er ánægjulegt að stjórnunarábyrgð skólastjóra er aukin og hlutverk þeirra færð nær stjórnunarhlutverki annarra stjórnenda stofnana.

Möguleikinn á samrekstri leik-, grunn- og tónlistarskóla er mál sem sveitarfélögin hafa lengi óskað eftir og getur það þýtt hagræðingu og sparnað fyrir sveitarfélögin, ekki síst þau minni, og eykur verulega sveigjanleika í rekstrarformi skólaeininga, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. (16. gr. um leikskóla og 45. gr. um grunnskóla). Þar er einnig kveðið á um heimild sveitarfélaga til að standa saman að rekstri skóla.

Lagagreinar um hlutverk og ábyrgð sveitarfélaga varðandi ytra mat á skólastarfi eru nýjar af nálinni. Þar gæti verið um umtalsverðan kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin að ræða og þarf að gefa sérstakan gaum að því að hlutverk sveitarfélaga sé vel skilgreint, sem og þau verkefni sem felast í þessum greinum og að þeim fylgi fjármagn sem nemur kostnaði. Ytra mat var áður á hendi menntamálaráðuneytis. Sveitarfélögin hafa gagnrýnt að menntamálaráðuneytið hafi ekki staðið sig hvað varðar eftirlit með skólastarfi og nauðsynlega eftirfylgd. Þetta verkefni ætti því ekki að vera verr komið á höndum sveitarfélaga ef því fylgir nauðsynlegt fjármagn. Nauðsynlegt er þó að hafa í huga að minni sveitarfélög hafa ekki endilega stofnanir eða



sérfræðinga til að sinna þessu hlutverki og þurfa þau sveitarfélög að bregðast skjótt við verði frumvarpið að lögum.

Sprotasjóður sem styðja á við þróun og nýjungar í skólastarfi verður sameiginlegur fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Hann getur orðið góður stuðningur við skóla vegna nýbreytni og þróunar, ekki síst hvað varðar skóla í tekjulitlum sveitarfélögum. Sprotasjóður tekur við af Þróunarsjóði grunnskóla sem eingöngu var fyrir grunnskóla.

Í frumvörpunum er kveðið sérstaklega á að stjórnendur og kennarar skuli njóta símenntunar. Símenntun er orðin sjálfsagður hluti af starfsmannastefnu hvers sveitarfélags nær til allra starfsmanna sveitarfélaganna. Þessi ákvæði ættu að vera óþörf.

### *Grunnskólafrumvarpið*

Í 1. gr. um gildissvið er fjölgað valkostum til grunnskólanáms. Þar er bætt inn einkareknum skólum og heimakennslu sem valkostum. Þetta aukna frelsi er jákvætt.

Í 3. gr. og 15. gr. er fjallað um skólaskyldu, sem nú skal að jafnaði vera 10 ár, en getur þó verið styttri. Þetta er jákvætt og í takt við það sem þegar er farið að gerast. Skv. frumvarpinu þarf ekki lengur að sækja sérstaka undanþágu til menntamálaráðherra, heldur getur skólastjóri metið hvort grunnskólanámi sé lokið.

5. gr. fjallar um sveitarfélög. Í greininni er sveitarfélögum gert skylt að setja sér stefnu í skólamállum. Ekki er ástæða til að gera athugasemd við þetta, enda eru allflest sveitarfélög þegar komin vel á veg með að móta stefnu, hafi þau ekki gert það nú þegar. Skyldur sveitarfélaga til að sjá öllum börnum á grunnskólaaldri sem búa í sveitarfélaginu fyrir vist í grunnskóla, hvort sem þau hafa þar lögheimili eða ekki, kallar á að verklagsreglur séu skýrðar, m.a. vegna vistunar barna utan lögheimilis. Einnig kallar þessi grein á heimild til sveitarstjórna til að krefjast raunkostnaðar fyrir skólagöngu barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags af lögheimilissveitarfélaginu. Sveitarfélög á Suðurlandi hafa lent í því þegar börn eru vistuð á svæðinu að lögheimilissveitarfélög neiti að greiða raunkostnað, bæði hvað varðar skólavist og skólaakstur.

Í 7. gr. um skólastjóra er vald og ábyrgð skólastjóra aukið og hlutverk hans færð nær því sem gerist og gengur um aðra forstöðumenn stofnana. Þessi breyting er jákvæð.

8. gr. um skólaráð er athyglisverð nýjung sem áhugavert verður að takast á við. Skólaráðið er hluti af stjórnunarstrúktúr skólans og ætti að ýta undir umræðu milli foreldra og starfslíðs skóla - og nemenda þar sem það á við - um markmið og áherslur skólans.

17. gr. og 42. fjalla um nemendur með sérþarfir og sérúrræði. Þar er kveðið á um auknar skyldur sveitarfélaga gagnvart nemendum með sérþarfir, hvort sem um er að ræða langveik börn eða með námslega eða tilfinningalega örðugleika. Breytt er orðalagi úr *sérdeildum* í *sérúrræði*, en áfram miðað við að börn skuli að öllu jöfnu njóta skólavistar í heimaskóla. Í gildandi lögum er talað um sérdeildir/sérskóla, en í frumvarpinu er talað um sérúrræði þegar kennsluhættir hæfa ekki þörfum eða hag nemenda. (Þetta er í takt við þróun á Suðurlandi, s.s. tilraunaverkefnið Gaulverjaskóla og ART-meðferð/þjálfun í skólum).

Í greininni er sú nýjung að skólastjóri geti úrskurðað um fyrirkomulag skólavistunar nemenda ef ekki næst samkomulag milli foreldra og grunnskóla, enda fari hann að ákvæðum stjórnsýslulaga. Nauðsynlegt er að úrskurðarvaldið sé skýrt þegar ágreiningur er fyrir hendi, en jafnframt að réttur barnsins sé hafður í fyrirrúmi.

Í 18. og 19. gr. er réttur og ábyrgð foreldra tilgreind og þá einnig sú skylda að allar upplýsingar sem varða skólagöngu og velferð barns fylgi því, sbr. sambærilegar greinar í leikskólafrumvarpinu.

20. gr. fjallar um skólahúsnaði og aðstöðu í grunnskóla. Líkt og í leikskóla er þetta ákvæði mun opnara en áður og ekki tilgreind einstök rými. T.a.m. er ákvæði um skólasafn fellt út. Þetta er til bóta og í samræmi við að sveitarfélögum sé treystandi fyrir rekstri grunnskólanna. Þó er vert að gera athugasemdir við 3. mgr. þessa ákvæðis, þar sem sveitarfélögum er gert skylt að hafa samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins og aðila í grenndarsamfélagi við hönnun grunnskólahúsnaðis. Þarna er eflaust tekið mið af hönnunarferli Ingunnarskóla í Reykjavík og fleiri skóla þar á eftir. Slíkt ferli er jákvætt að mörgu leyti, *en getur verið afar kostnaðarsamt. Sýna þarf fram á að slíkt ferli skili betra skólastarfi áður en það er sett í lög.*

Í 23. gr. er heimiluð gjaldtaka fyrir skólamáltíðir, sem er í samræmi við það sem tíðkast í skólum í dag.

26. gr. um val í námi, 31. gr. um kostnað í skyldunámi og 32. gr. um lok skyldunáms taka af vafa sem hefur verið varðandi áfanga í framhaldsskóla, hver eigi að bera kostnað af þeim í hvaða tilviki. Þetta er nauðsynlegt þar sem ekki hefur verið samræmi að þessu leyti milli sveitarfélaga og jafnvel skóla.

Í 40. gr. er kveðið á um sérfræðiþjónustu og stoðkerfi grunnskóla. Þar er gert ráð fyrir að sérfræðiþjónusta fari fram innan grunnskóla (sem er í samræmi




við það sem gert hefur verið á starfssvæði SKS). Greinin er almennar orðuð en áður, en skýrt kveðið á um að sveitarfélögum sé skylt að sjá nemendum og starfsfólki fyrir ráðgjöf og sérfræðiþjónustu. Einnig er bætt við ákvæði um að sérfræðiþjónustan skili tillögum til skólastjóra um hvernig bregðast skuli við greindum vanda, fylgist með úrbótum og meti árangur. Sveitarfélög skulu nú hafa forgöngu að samstarfi sérfræðiþjónustu, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna nemenda með sérþarfir og langvinn veikindi og hafa forgöngu um samstarf við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda. (Þetta er nokkuð í takt við þróun mála á starfssvæði SKS, en þó vantar að skoðaðar verði leiðir sem þjónustan hefur til að fylgjast með úrbótum og meta árangur og hvert ber að skila athugasemdum sé ekki verið að vinna eftir ráðgjöf sérfræðinga).

Í 47. gr. um kærueimild er skýrður réttur foreldra til að kæra tiltekna ákvarðanir til menntamálaráðherra. Þar er, á svipaðan hátt og í leikskólafrumvarpinu, sveitarfélagi heimilt að vísa máli til skóla-/fræðslunefndar til umfjöllunar áður en kæra er afgreidd til ráðuneytisins.

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri